

Skrásetning kjósenda í Winnipeg og Brandon

Fer fram að skipun Laurier stjórnarinnar, þrjá síðustu dagana í þessari viku, fimtudag 10., föstudag 11., og laugardag 12. þ. m.

Fylkisstjórnin hafði auglýst skrásetning kjósenda samkvæmt lögum með tju daga fyrirvara, og skyldi hún fara fram dagana 14., 15. og 16. þ. m. En nú hefur Laurier-stjórnin tekið þetta mál að sér og með einungis tveggja (2) daga fyrirvara slengir á skrásetningu í þessum tveimur borgum.

Enginn vafi er á því, að þeir listar, sem Laurier-stjórnin hefur nú gera hér þrjá síðustu daga þessarar viku, — verða notaðir við í hönd faranli rikisráðgjafa, og að enginn maður hefur atkvæði í þeim kosningum nema hann komist á kjörskrá í þessari viku.

Þess vegna er hér með skorað á alla Íslendinga, sem atkvæðisrétt eiga, og það eru allir 21 ára gamlir brezkir þegar, að skrásetja sig þessa viku, svo að þeir missi ekki borgaraleg réttindi sín.

Hætt er við, þar sem svo litill tími er til undirbúnings, að margir kunni þeir að vera, sem ekki geta þess fyrr en í öfuma. En, menn verða sendir heim í hvert hús í borginni til þess að aðvara kjósendur og að leiðbeina þeim.

Þess vegna eru allir atkvæðis háttir menn nú hér með alvarlega áminntir um, að láta skrásetja sig **ÞRJA SÍÐUSTU DAGANA Í ÞESSARI VIKU**, eins og að framan er sagt.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Sambandsþings kosningaundirbúningsurinn er þegar byrjaður fyrir alvöru. Er nú verið í öða önn að útfelna þingmannaefni fyrir hóm ýmsu kjóðemi, og leiðtogarar að undirbúa fundahöfl sín. Mr. Borden atlar að ferðast um Ontario fylki þvert og endilangt, og samsamleiðis um Nova Scotia og Quebec fylkin. Í New Brunswick stýrir Hazen forsætisráðgjafi kosningabaráttunni fyrir hönd Conservativa, og telur hann þeim vissan sigur í fylkinu. Í Quebec fylki stýrir Mr. Monk höf Conservativa, og verða þar vafalaust harðar orðsennur og sviptingar. Í Ontario fylki hefur Hon. Frank Cochrane ráðgjafi forustu kosningabaráttunnar á hendi af hálfu Conservativa. En í Vesturfylkinum þrennur verður Hon. Robert Rogers, ráðgjafi ölláðerra verka í Manitoba-stjórninni, aðalformaður fyrir höf Conservativa, en Hon. Frank Oliver á að stýra höfveitum þeirra Liberála. Í British Columbia eru Conservativar fullvissar um að söpa fylkið undir forustu R. McBride fyrrráðgjafa, og getur verið, að hann bregði sér yfir til Alberta og hafi hönd í bagga með málinum þar.

— Samningar hafa tekist milli Frakklands og Bandaríkjanna og Bandaríkjanna og Englands — þess einis, að öll ágreiningsmál, sem sá upp á milli ríkjanna, skuli útkljáð af óvilhöllum gerðardómum. Gerðardómssamningar þessir eru þakkaðir Taft forseta, og taldir þjóðarmesta sporði í alheimis, pólitíkinni, sem stigið hefur verið á þessu ári, því þeir miða að því, að þessi þrjú ríki verða náteyndar í hver öðru, en áður var. Þjóðverjar líta samningana öðrum augum, en Frakkar fagna þeim.

— Helmingurinn af hefllota Canada — beittiskipið Niobe — strandaði á skerri úti fyrir ströndum Nova Scotia. Þó tókst að ná skipinu af skerinu, eftir mikla önguleika, en það var allt mjög hakað og hríplekt. Þó tókst við illan leik, að koma því til hafnar, og var reynt að troða í stærsta fótin og skipið síðan sent til Halifax til frekari viðgerðar. — Niobe var í pólitískum leikangi fyrir Laurier-stjórnina þegar slysið vildi til. — Svo háglega tókst með leiðangurinn þann, og hinn helmingur Leflötans — skipið Rainbow — hvegi nálegur til að framkvæma það, sem Niobe mistókst svona hræpalega.

— Ráðherraskifti hafa enn orðið

í Laurier-stjórninni. Hefir Hon. L. P. Brodeur, flotamálaráðgjafi, lagt niður ráðherrastöðuina til að gerast dómari í hestarétti Canada. Þykir það áhættuminni atvinnuvegur eins og nú horfir. Í stað hans sem flotamálaráðgjafi hefur póstmálastjórnin, Hon. Rudolphe Lemieux, verið skipaður, en það embætti hefur aftur hlotið einn af dyggustu yngri skósevnum Lauriers, Dr. Beland, sem nú nokkur ár hefur verið einn af sambandsþingmönnum frá Quebec fylki.

— New York borg hefur nú 5 milljónir íbúa, eftir nýafstöðu



HELGA JÓNASDÓTTIR ÓLAFSSON,

er fædd 23. nóvember 1895 í Hólakoti á Akranesi á Íslandi. — Foreldrar hennar eru þau hjón Jónas Ikkabotsson, fyrrum búandi á Sauðalelli í Dalasýslu, og Anna Sveinbjörnsdóttir í Sveinbjörnsbörnu, sonur Guðmundar bónda á Hvítaröllum í Borgarfjarðarsýslu, bróðir þjóðar háyrðomara Sveinbjörnssonar.

Helga var uppalin á Akranesi, nema 3 síðustu árin að hún var með foreldrum sínum í Reykjavík, þar til þau fluttu hingað vestur til Winnipeg í maí sl.

Heimskringla hefur álitit þá viðveigandi, að sýna lesendum andlitsmynd af þessari ungu stúku, sem hlaut verðlaun fyrir að álitast frífast á ógitta löngun sem sótti þjóðhátis Íslendinga, hér í borg á þessu ári.



Í ANNARA ÖKRUM.
(Finnað sigurdænum)

manntali, og er hún því önnur fjölmennasta borg heimsins.

— Eitt af stærstu járnbrautalögum Bandaríkjanna, Southern Pacific félagið, hefur nýverið tekið þá ákvörðun, að hafa engan kvæmann í þjónustu sinni eftirléðis. Ástaðan fyrir þessari ákvörðun er sú, segja embættismenn félagsins, að stúlkurnar taka upp á því, að gefa sig einmitt þegar þær eru orðnar að notum og illa kemur sér að missa þær.

— Skotum hefur lengi verið viðbruggið fyrir hvað þeir hefðu sunnudaginn strang-heilagan, en nú virðist slíkt helgihald vera færð að ganga full-langt. Því nýlega hefur öldruð kona verið rekinn úr söfnuði sínum fyrir þá óheftu, að mjólka kýrnar sínar á sunnudag. Sagan er þannig rétt sögð: Í smáhe einum á vesturströnd Skotlands býr öldruð og guðhrædd kona, sem tilheyrði Presbyterían kirjunni, og sem lifir á því, að selja mjólk. Það barst til eyrna sóknarmefndarinnar, að kona þessi mjólkaði kýrnar sínar á sunnudögum og selði mjólkina. Henni var þá stefnt fyrir sóknaráðis,

og þessar kærur þar boraar á hana. Hún jataði, að hún mjólkaði kýrnar á sunnudaga, og segðist láta viðskiftavini sína ná mjólk þá daga sem aðra, en ekki taka við neinni borgun fyrri en á mánudaga. — Sóknarráðis taldi þetta brot á sunnudagsheglinni, og rak konuna úr söfnuðinum. Ensk höfð geta þess til, að næst muni sóknarnefnd þessi banna hennum að verpa á sunnudaga.

— Tyrkjustjórn hefur nú sýnt, að henni er full alvara, að kúga Albanía til hlýðni, því nýr yfirhershöfðingi með auknar höfveitir hefur verið sendur til óríðarstöðvanna, og hafa Tyrkir þar nú um 6 þúsundir hermanna til að kúga hina fámennu og aðfrakkomu Albanía til undirgefni. Einnig hefur Tyrkjustjórn krafist af Níkúlasi Montenegro konungi, að hann framselji víðstöðuláust allar þá Albanía, sem þangað höfðu gæðlands leitit, og til þess að sýna að kröfunni fylgdi alvara, voru hersveitir, sendar að landamerum Montenegro, með þeirri skipun, að ráðast inn í landið, ef Níkúlasi konungur framseldi ekki flotta-mennina. Samningsstírnarir komu að engu haldi, og nú hefur Níkúlasi konungur heitið að verða við kröfum Tyrkja. Mun hann ekki hafa sér sér annað lert, því við öfurelli var að etja, og Montenegro hefði staðis skamma stönd fyrir Tyrkjum, hefði til stöðis komið.

— Strathcona láráður, High Commissioner of Canada, var 91 ára gamall á sunnudaginn var. Hinu aldna mikilmenni hárust heillaðskír víðsvegar að frá stórmennum veraldarinnar.

— Tyrkjasöldán þyggur alvarlega sjúkum um þessar mundir

— Ósáhtar hafa gengið á þýzkalandi undanfarna daga, og fólkis hruðið dauft niður af þeim völdum. Mest kvæðir að hinum við þýzku háðstaðina. Segja söðustu fréttir, að rúmt hundrað manna hafi dáið þar af sólstungu.

— Verfall gerðu menn þeir, sem vinna að æfingum skipa á þinglandi ekki alls fyrir löngu, og horfir nú til stórvandæða í Lundunaborg af þeim ástæðum, því ómegt er að afferma skip, í sem koma hlaðin vörum þangað. Verð á lífsnaðsýnjum hefur hakað þess mikli, sérstaklega þó á kjóti, og er það ein afleiðing verfallisins. Mikil viðleitni hefur verið gerð til að koma samkomulagi á, en enginn árangur hefur ennþá orðið. Á laugardagskvöldið gerðu 30 þúsund keyrslumanna verfall í Lundunum, af samvinnu þessara lína verfallsmennanna, svo nú eru yfir 60 þúsundir verfallsmanna í Lundunum.

— Uppreistinni á eyjunni Hayti er jú lokið, og hafa uppreistar-menn unnið þar fullkominn sigur, og stókt Simon forseta úr landi. Uppreistarforinginn, Leconte hershöfðingi, hélt innreið sína í höfuðborgina Port Au Prince á þannum daginn var og settist strax í veldsessinn, sem bráðabýrgðarforseti lýðveldisins. Forsetakosning á svo fram að fara innan skamms, og er þá gæðis, að Leconte verði kosinn regulegur forseti. Bandaríkja-herskip eru þó ennþá á sveimi um-

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnæging

EINNA MYLLAN Í WINNIPEG. — LÁTIÐ HEIMADNAD SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YDAR

hverfis eyna, til að vera til taks, ef einhver óvænt stórtíðandi skyldu bera við.

Látið skrásetja yður á Laurier stjórnað kjörlista, sem gerðir verða hér í borg, þrjá síðustu daga þessarar viku 10. 11. og 12. þ. m.

— Sá sögulegi atburður skeði nýverið í ungverska þinginu, að tveir af þingmönnum fóru í handalögmal undir umræðunum, og er þeir ekki þóttu geta þjáð að nægilega hvor á öðrum þar inni, hattu þeir einvigi með svefnum úti fyrir þinghúsinu, og særðust báðir í þeirri viðureign. Sá þessara þingmanna, sem tildrögin gafi, heitir Pozsgay, og er úr hinum svonefnda Kossuth flokki, sem er andstæðingur stjórnarinnar; hinn þingmaðurinn heitir Pal- og er stjórnaðsinn. Báðir voru þingmenn þessir sviptir þingsætum um stundarsakir fyrir þessar tiltektir sínar.

— Togo, hinn fragi aðmíráll Japana, sem nú er í Bandaríkjunum sem gestur Washington stjórnaðinnar, — hefur ákveðið að Loma til Canada og dvelja þar nokkra daga, ferðast um þvert landið til Vancouver og stiga þar á skipið til Japan.

— Maður einn, George Whiteford að nafni, hefur verið tekinn lastur í Lethbridge fyrir morð, framíð fyrir fjórum árum síðan, á Victor Thomas, keyrslumanni þar í borg. Thomas þessi hafði verið að flytja mól frá árfarveginum við bæinn, einn dag í október 1907, er hann hafði. Hestarnir fundust bændur við tré, en Thomas var algerlega horfinn. Ári síðar fanst lík hans í ánni, nálægt Diamond City og sáust þess ljós merki, að morð höfði verið framíð. Lögreglan hefur leit að morðingjans árangurslaust nú í þrjú ár, unz nú að hún heggur sig hafa í Whiteford þessum þinn rétta morðingja. Enn sem tónis er hefur hann þó hverlega neitað, að hafa framíð gleppinn.

— Sir Alan Aylesworth, dómálaráðgjafi í Laurier-stjórninni, hefur bestist lausnar frá embætti sínu, og um leið tilkynnt North York kjördæminu í Ontario, sem hann hefur verið þingmaður fyrir um allmörg ár, að hann verði ekki í kjöri við komandi kosningar. Sir Alan hefur verið sex ár í ráðgjafi Lauriers, og sá ein af ráðherrunum, sem aldrei hefur verið bændlaður við meina fjárglefa eða aðra klæki, og því átt meiri almennri virðingu að fagna en nokkur samfélagi hans. — Ástæðan fyrir því, að hann nú leiggur embætti niður, er talin levrarbilun, en hin sanna ástæða mun fremur vera sú, að honum þykir sámd sinni misþöðis, að skipa lengur bekk með fjárglafráfrömmunum, og samvirkulausum bráðarefum. Sir Wilfrid hefur enn komið er ekki veitt Aylesworth laus frá embætti, en mun gera það innan skams, og sem eftir, maður Sir Alan — er fullvetur að verði Hugh Guthrie, fyrrum sambandsþingmaður og einn af ötulustu skósevnum Sir Wilfrids. Sir Alan atlar að taka upp sína fyrri starfsemi sem málafrslumaður í Toronto borg.

— Forsetaefni Demókrata í Bandaríkjunum við kosningarnar 1912 verður að líkindum Dr. Woodrow Wilson, ríkisstjóri í New Jersey ríkinu, því á undirbúningsút-

nefningarfundi, sem þingmenn flokksins héldu í Washington nýverið, hlaut Dr. Wilson best atkvæði, 45 talsins. Næstur varð Harmon, ríkisstjóriinn í Ohio, með 35, og þar næst Camp Clark, þingforseti, með 26 atkv. En W. J. Bryan hlaut ekki eitt einasta atkvæði. — Dr. Woodrow Wilson er maður hámentaður, hefur verið háskólarektor, og er ræðuskörungur mikill og glæsinn, og því manna líklegastur til að leiða Demókrata til sigurs við næstu kosningar.

— Grey jarl, hinn fráfráandi landsstjóri Canada, leggur úr landi þann 6. október næst, en eftirmaður hans, hertoginn af Connaught, kemur þó ekki til Canada fyrri en um miðjan mánuðinn.

— Hon. A. C. Rutherford, fyrrum stjórnaformaður Alberta fylkis, hefur lýst því yfir, að hann atli að keppa við Hon. Frank Oliver um útfelningu, sem þingmannsefni Liberala í Edmonton borg. — Mr. Rutherford er mikillhæfur maður, og á vinsældum að fagna, svo miklar líkur eru til, að hann beri herra hlut af innanríkisráðgjafanum Frank Oliver.

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar

Kaup og selja lund, hús og löðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og elds-ábyrgðir.

LÁNA PENINGA ÚT Á FASTEIGNIR OG INN-KALLA SKULDIR.

Öllum tilskrifum svarað fljótt og áreiðanlega.

WYNYARD SASK.

VEGGLÍM

Vönduð bygginga efni:

The "Empire" Wood Fiber tegundir.

Cement Wall og Finish Plasters

Sackett Plaster Board.

Vér höfum ánægju af að senda yður vora "Plaster Book"

Manitoba Gypsum Co., Limited.

Winnipeg, Manitoba